

P I N G E R Ð

20. ÅRSÞINGS

KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS

I S L A N D S

20. ársþing KKÍ haldið í Snorrabæ 26. og 27. apríl 1980.

1.-2. Stefán Ingólfsson formaður setti þingið og gerði að tillögu sinni að Hermann Gunnarsson yrði þingforseti og var það samþykt. Hermann þakkaði traustið og lýsti yfir ánægju sinni yfir að vera meðal þingfulltrúa. Hann stjórnaði síðan kosningu tveggja þingritara, sem kosnir voru, Kolbrún Jónsdóttir og Sigurður Jónsson.

3. Kosnar fastar nefndir.

Kjörbréfaneftnd:

Sigurður Jónsson
Sigurður Valgeirsson
Július Valgeirsson

Fjárhagsnefnd:

Pórdís Anna Kristjánsdóttir
Agnar Friðriksson
Bjarni Gunnar Sveinsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Helgi Bjarnason
Kolbeinn Pálsson
Sigurður Valur Halldórsson

Allsherjarnefnd:

Bjarni Magnússon
Steinn Sverrisson
Kristinn Stefánsson

Kjörnefnd:

Atli Arason
Jón Jörundsson
Guðni Ölvesson.

Einar Bollason hafði kveðið sér hljóðs og vildi hann tilkynna komu tveggja fulltrúa frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga á þingið. Hann sagði lítillega frá samningi sem gerður var milli S.Í.S. og Landsliðsnefndar KKÍ, en gaf síðan Guðmundi R. Guðmundssyni fræðslustjóra S.Í.S. orðið.

Guðmundur kvað erindi sitt fyrst og fremst vera að flytja þinginu kveðjur frá S.Í.S. Hann sagði að eitt af aðalverkefnum S.Í.S. væri að efla menningarlíf, þar með talið íþróttir. S.Í.S. styrkir íþróttastarf um land allt fyrst og fremst í formi auglýsinga, á búningum og í leikskrám.

Miklar samningaviðræður hafa átt sér stað milli S.I.S. annarsvegar og Landsliðsnefndar KKÍ hins vegar, og í framhaldi af því hefur framkvæmdastjórn S.I.S. ákveðið að styrkja Landsliðsnefnd KKÍ með krónum 5.5 milljónum, en á landsliðsbúningunum eru auglysingar frá S.I.S.

Var þessari frétt að vonum mjög vel tekið. Stefán Ingólfsson bað um orðið og þakkaði fyrir hönd KKÍ, þessar stórgóðu fréttir. Hermann Guðmundsson flutti KKÍ kveðjur og árnaðaróskir frá framkvæmdastjórn I.S.I. Hann lýsti yfir ánægju sinni með þá framþróun sem körfuknattleikurinn er í. Þakkaði gott samstarf og afhenti formanni oddveifu I.S.I. að gjöf í tilefni af 20. ársþingi KKÍ.

Kjörbréfanefnd hafði lokið störfum sínum og hafði Sigurður Jónsson orð fyrir henni. Nefndin taldi sig ekkert hafa við kjörbréfin að athuga, en ósk hafði komið frá Helga Bjarnasyni um að fá að fara með umboð þriggja þingfulltrúa sem ekki voru mættir. Gat nefndin ekki samþykkt það þar sem lög KKÍ kveða svo á um að skrifleg beiðni um slíkt þurfi að liggja fyrir frá formanni viðkomandi íþróttabandalags, en svo var ekki.

Þingfulltrúar voru eftirtaldir:

Frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur:

Hákon Guðmundsson, Hólmsteinn Sigurðsson, Sigurður V. Halldórsson, Agnar Friðriksson, Þorsteinn Hallgrímsson, Stefán Kristjánsson, Jón Jörundsson, Þorsteinn Ragnarsson, Kristinn Jörundsson, Sigurður Gíslason, Kristinn Ó. Magnússon, Runólrur Runólfsson, Halldór Einarsson, Atli Arason, Sigurður Jónsson, Bjarni P. Magnússon, Jónas Ketilsson, Þórunn S. Jóhannsdóttir, Bergþóra Haraldsdóttir, Hrafn G. Johnsen, Steinn Sveinsson, Bjarni G. Sveinsson, Einar Bollason, Kolbeinn Pálsson, Hersteinn Stefánsson, Helgi Ágústsson, Hjörtur Hansson, Stefán Ingólfsson, Kolbrún Jónsdóttir, Jón Otti Ólafsson, Gunnar Gunnarsson, Grímur Sæmundsson, Hallgrímur Gunnarsson, Guðmundur Sigurðsson, Sigurður Már Helgason.

Frá Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar.

Kristinn Guðnason, Rúnar Brynjólfsson, Sigurbergur Sveinsson, Ingvar Jónsson.

Frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar.

Helgi Bjarnason, Guðmundur Sigurðsson, Guðmundur Guðmarsson, Sigurður Þórarinsson.

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja.

Július Valgeirsson, Viðar Kristjánsson, Hilmar Hafsteinsson, Stefán Bjarkarson, Jóhann Kristbergsson, Brynjar Sigmundsson, Jón V. Matthíasson, Kristbjörn Albertsson, Sigurður Valgeirsson, Axel Nikulásson, Helgi Hólm, Gunnar Valgeirsson, Skúli Skúlason, Hólmgeir Hólmgeirsson, Stefán Arnarsson, Björn V. Skúlason, Guðni Ölvesson, Magnús Valgeirsson, Ólafur Jóhannsson, Halldór Ingvason.

Frá Íþróttabandalagi Akureyrar.

Rafn Benediktsson.

4. Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Var hún lögð fjöлrituð fyrir fundarmenn, en formaður drap aðeins lauslega á helstu punkta hennar. Í sömu bók lágu einnig fyrir skýrslur frá eftirtöldum nefndum: Landsliðsnefnd, mótanefnd, dómarranefnd og Kristbirni Albertssyni um minni bolta.

5. Gjaldkeri leggur fram reikninga sambandsins.

Lagðir voru fyrir þingfulltrúa fjöлritaðir bráðabingðareikningar, sem voru að sjálfsögðu ekki endurskoðaðir og því ekki samþykktar hafir.

Reikningar landsliðsnefndar lágu einnig fyrir fjöлritaðir og hafði Agnar Friðriksson orð fyrir landsliðsnefnd.

Hann gerði athugasemd vegna þess styrks sem nefndin á í vændum frá S.I.S. og mun hann vafalaust laga fjárhagslega stöðu nefndarinnar nokkuð.

Hann vildi þakka Körfuknattleiksdeild Vals frumkvæði það er hún hafði að komu armenska landsliðsins hingað til lands.

Lýsti hann yfir ánægju sinni með samstarfið við S.I.S. og þakkaði einnig Sportvöruverslun Ingólfss Óskarssonar fyrir hennar framlag.

Einar Bollason kvaddi sér hljóðs. Hann sagði að þetta væri í fyrsta skipti sem gert hefþi verið virkilegt átak í menntunar-málum og vísaði hann til A-stigs námskeiðsins og lýsti hann yfir ánægju sinni með það.

Hann hvatti næstu stjórn KKÍ og alla þjálfara til þess að stofna sem fyrst félag íslenskra körfuknattleiksþjálfara.

Hann vildi vekja sérstaka athygli á minnibolta og þakkaði öllum sem lagt hafa hönd á plöginn í eflingu hans.

Þá kom athugasemd frá Bjarna P. Magnússyni vegna minniboltamóts, sem haldið var í Borgarnesi og ÍR er talið sigurvegari í yngri flokki, en Bjarni taldi það vera Fram og mun það vera rétt.

Halldór Einarsson lýsti yfir ánægju sinni með störf stjórnar og nefnda. Hann gerði athugasemd við tekjur KKÍ af sjónvarpsréttindum. Taldi hann rétt að tekjunum skyldi skipt milli þeirra félaga sem hlut eiga að máli hverju sinni. Hann sagði einnig að árið 1978 hefði hann ásamt tveimur öðrum verið kosinn í nefnd er gera skyldi samning við sjónvarpið.

Sú nefnd hafi komið tvisvar saman, án þess að samkomulag náðist og því kæmi sér spánskt fyrir sjónir að sjá sjónvarpsréttindi sem tekjulið hjá KKÍ.

Stefán Ingólfsson kvað starfstímabil þessarar nefndar, sem Halldór minntist á, hafa lokið á þingi 1979. Þær tekjur sem gefnar væru upp væru tekjur tveggja síðastliðinna ára, að frá-dreginni áætlun síðastliðins árs.

Þá kom fram tillaga um að bráðabirgðareikningum verði vísað til endurskoðenda og var það samþykkt.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Fjárhagsáætlun lá engin fyrir og var henni vísað til fjárhags-nefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Stefán Ingólfsson hafði framsögu um breytingar á reglum fyrir aganefnd. Var um algjörlega nýjar reglur að ræða og lágu þær frammi fjörlritaðar. Með þessum reglum er aganefnd gerð sjálf-stæðari gagnvart stjórn KKÍ. Aðeins formlegar kærur gilda gagnvart aganefnd. Tillögunni var vísað til laga- og leik-reglnanefndar.

Fleiri laga- og leikreglnabreytingar voru lagðar fram, s.s. tillaga um breytingu á skiptingu milli aldursflokka, en henni var vísað til allsherjarnefndar.

Breytingartillaga við 2. málsgrein 3. greinar reglugerðar um körfuknattleiksmót, vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Tillögur um breytingu á reglugerð um erlenda leikmenn, vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Tillaga um að allar sektarupphæðir hækki um 75%, vísað til laga- og leikreglnanefndar.

Tillaga um að árþingið kanni til hlítar hvort starf framkvæmdastjóra megi minnka í 1/2 starf framvegis og var henni vísað til allsherjarnefndar.

Tillaga frá landsliðsnefnd um fjárveitingu frá stjórn KKÍ til handa henni og var henni vísað til fjárhagsnefndar.

Að síðustu var lesið upp bréf frá Umf. Skallagrím, með ýmsum breytingatillögum og öðrum hugmyndum og var því vísað til allsherjarnefndar.

Að því loknu var þingfundí frestað til næsta dags.

Sunnudagur 27. apríl

Stefán Ingólfsson tilkynnti að Hermann Gunnarsson, þingforseti, gæti ekki mætt og kom fram tillaga um að Kristbjörn Albertsson tæki við og var það samþykkt.

9. Nefndarálit.

Kjörbréfanefnd:

Sigurður Jónsson gerði grein fyrir nýjum kjörbréfum og hafði nefndin ekkert við þau að athuga.

Laga- og leikreglnanefnd.

Helgi Bjarnason hafði fyrstur orð fyrir henni.

Gerði hann grein fyrir breytingartillögum á reglugerð um körfuknattleiksmót.

3. gr. fyrri hluti falli niður, en í staðinn hljóti hún svo:

"Liðgengir til þátttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn sem verið hafa félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir, í minnst 1 mánuð, áður en kappleikur fer fram. Þó er leikmanni sem ekki hefur leikið með sínu gamla félagi á keppnistímabilinu, heimilt að leika með nýju félagi strax eftir afhendingu tilkynningar um félagaskipti. Óheimilt er að tilkynna félagaskipti frá 15. febrúar til loka keppnistímabilsins.

Kjósi leikmaður að segja sig úr félagi skal hann leggja fram vottorð frá gamla féluginu, undirritað af honum sjálfum

og einum stjórnarmanni félagsins. Einnig skal koma fram að leikmaður sé skuldlaus við félagið. Félagaskipti miðast við móttökudag tilkynningar hjá KKÍ. Ef leikmaður o.s.frv.["] eins og áður var.

Var þessi tillaga samþykkt.

7. grein hljóði svo:

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

a) konur.

1. aldursflokkur 18 ára og eldri
2. " 15-16-17 ára.
3. " 12-13-14 ára.

b) karlar.

1. aldursflokkur 20 ára og eldri.
2. " 18 og 19 ára
3. " 16 og 17 ára
4. " 14 og 15 ára
5. " 12 og 13 ára.

Minnibolti miðast við 11 ára og yngri.

Aldur miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 20 ára eftir áramót, er honum heimilt að leika með 2. flokki út keppnistímabilið, en flutningar milli flokka skulu fara fram í september ár hvert.

Hverjum flokki má skipta í sveitir eftir styrkleika (A-B-C o.s.frv.) þó er félagi aðeins heimilt að senda eitt lið til keppni í meistaraflokki bandalags eða Islandsmótsins.

Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum og leikjum er:

Karlar:

1.	aldursflokkur	40	mín,	20	mín	hvor	hálfsl.	10	mín	hlé.
2.	"	40		20	"	"	"	10	"	"
3.	"	32	"	16	"	"	"	5	"	"
4.	"	28	"	14	"	"	"	5	"	"
5.	"	24	"	12	"	"	"	5	"	"

Konur:

1.	aldursflokkur	40	mín,	20	mín	hvor	hálfsl.	10	mín	hlé.
2.	"	32	"	16	"	"	"	5	"	"
3.	"	28	"	14	"	"	"	5	"	"

Minnibolti. Leiktími 4x10 mín.

Hlé milli hálfleikja skal ekki fara fram úr 10 mínútum, nema dómari samþykki annað. Sex eða færri aðilar tilkynntir til leiks í einhverjum flokki, skal leika tvöfalta umferð.

Við þessa breytingatillögu kom önnur tillaga frá Sigurði Helgasoni sem hljóðar svo: "Í 5. fl. karla gildi sömu reglur um leiktíma og innáskiptingar og gilda í Minnibolta, en að öðru leyti sömu reglur og í eldri flokkum".

Var 7. greinin samþykkt eins og hún hljóðar hér að ofan, að viðbættri breytingatillögu Sigurðar Helgasonar.

16. grein hljóði svo:

"....þátttöku í Bikarkeppni KKÍ. Hvert félag má senda tvö lið til keppninnar í 1. aldursflokki karla A og B lið, tvö lið í 1. aldursflokki kvenna, 1 lið í 3. aldursflokki karla. Keppnir er með útsláttarfyrirkomulagi"

Var hún samþykkt.

21. grein: Lagt til að tillaga Stefáns Ingólfssonar um 75% hækkun á öllum sektargjöldum verði samþykkt og var það gert.

Mjög fjörugar umræður urðu um þessar tillögur og þá sér í lagi aldursflokkskiptinguna, og voru þar á skiptar skoðanir.

25. grein: Tillaga frá Halldóri Einarssyni og Grími Sæmundsen um að C-liður 25. gr. Reglugerðar um körfuknattleiksmót, hljóði svo:

c) " Skipting tekna af hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum kappleikja milli innlendra körfuknattleiksliða, skal vera 25% til hvors aðila, sem þátt taka í þeim kapplieksem sjónvarpað eða hljóðvarpað er, en 50% til KKÍ. Nefnd skipuð 1 fulltrúa frá stjórn KKÍ sem jafnframt er formaður, og tveimur fulltrúum aðildarfélaga skal sjá um samningagerð við Ríkisútvartið þar að lútandi.

Tekjur af hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum vegna þátttöku í Evrópkeppni, skulu alfarið renna til þess liðs sem er fulltrúi Íslands í þeirri keppni, hverju sinni."

c.-liður greinarinnar verði d-liður að öðru leyti verði greinin óbreytt.

Spunnust um þessa tillögu miklar umræður og voru menn flestir á einu máli um að fjárhæðin sem um væri að ræða væri svo lág að hún skipti félögin engu máli. Einnig höfðu menn það á móti tillöggunni að sjónvarpið neitar að taka myndir í sumum íþróttahúsum, og þá væri verið að útiloka sum lið frá þessum tekjumöguleikum.

Eftir þessar umræður var tillagan felld.

Þá hafði Sigurður V. Halldórsson, framsögu um tillögu að starfsreglum fyrir aganefnd. Nokkrar umræður og smábreytingar voru gerðar (fyrst og fremst orðalagsbreytingar).

Að umræðum loknum var tillaga að starfsreglum fyrir aganefnd, samþykkt. (Fylgiskjal).

Næstur talaði Kolbeinn Pálsson, og gerði hann grein fyrir breytatillögum nefndarinnar við reglugerð um erlenda leikmenn.

2. grein hljóði svo: "Stjórn KKÍ skal gefa út skriflegt leyfi fyrir þá leikmenn sem uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar og reglugerðar um körfuknattleiksmót. Keppnisleyfi gildir til loka keppnistímabils.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðið grunngjald sem stjórnin ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Skipti félag um leikmann á keppnistímabilinu skal það greiða: tvöfalt grunngjald fyrir keppnisleyfi annars leikmanns, fjórfalt fyrir 3. leikmann o.s.frv.

Gjald þetta renni til landsliðsnefndar og unglingsnefndar, og sér stjórn KKÍ um skiptingu á því"

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. grein hljóði svo: "Erlendur leikmaður er hlutgengur með sínu nýja félagi þegar stjórn KKÍ hefur gefið út keppnisleyfi skv. 2. gr. þessarar reglugerðar. Keppnisleyfi má ekki gefa út frá 15. febrúar til loka keppnistímabilsins, nema til komi óviðráðanlegar orsakir að mati stjórnar KKÍ.

Félagaskipti erlendra leikmanna milli íslenskra liða skulu al-farið fara fram milli stjórnna viðkomandi félaga. Komi í ljós að rætt sé við leikmenn án milligöngu félaga þeirra, varðar það brottvisun þess félags sem það gerir, úr móti eða fjársektum".

Þessi tillaga var einnig samþykkt samhljóða.

Þá var borin upp viðbótartillaga við 2. grein reglugerðar fyrir landsliðsnefnd og hljóðar hún þá svo: "Landsliðsnefnd annast val landsliðs, tilkynnir það leikmanni og félagi hans skriflega og stjórnar undirbúningi..... o.s.frv.

Samþykkt.

Teknar fyrir tillögur að lagabreytingum til samræmis við fyrri breytingar á reglugerðum:

Lög Körfuknattleikssambandsins:

8. grein Á eftir 11. tölulið komi nýr töluliður er verði nr. 12. svohljóðandi:

"Kosning 1 manns í aganefnd til 3 ára". Samþykkt.

Nýr töluliður er verði nr. 13. Svohljóðandi:

"Kosning 3ja manna í nefnd samkvæmt reglugerð um erlenda leikmenn" Samþykkt.

Tölusetning annarra töluliða breytist til samræmis við þessa breytingu.

Allsherjarnefnd.

Steinn Sveinsson hafði orð fyrir þeirri nefnd.

Tillaga: "Ársþingið kýs 3ja manna millibinganefnd, sem endurskoði alla keppni yngri flokka, bæði með tilliti til mótafyrirkomulags, aldursskiptingar o.fl. Nefndin skíli álti til næsta ársþings KKÍ". Samþykkt.

Reglugerð fyrir mótanefnd.

1. grein hljóði svo:

"Mótanefnd skipa 3 menn. Allsherjarnefnd tilnefnir 2 nefndarmenn. Framkvæmdastjór. KKÍ er formaður nefndarinnar". Samþykkt.

7. grein

"Boða þarf til leiks með sannanlegum hætti, með minnst viku fyrirvara. Mótanefnd er skyld o.s.frv.". Samþykkt.

Lög Körfuknattleikssambandsins.

8. grein 12. liður (nú 14).

Fellur niður "formanns mótanefndar" Samþykkt.

10. grein

Í upptalningu á nefndum þeim sem stjórn KKÍ skal skipa, fellur niður "aganefnd". Samþykkt.

Einnig fellur niður: "Formaður mótanefndar skal kosinn á körfuknattleiksþingi". Samþykkt.

Tillaga kom frá allsherjarnefnd, þar sem hún leggur til að þingið álykti að framkvæmdastjóri verði ráðinn frá 1. ágúst til 30. apríl ár hvert. Starfið verði á þessu tímabili hlutastarf allt að 75% og taki framkvæmdastjóri laun samkvæmt 18. flokki B.S.R.B."

Eftir nokkrar umræður samþykkti allsherjarnefnd að draga tillöguna til baka, en í staðinn yrði kosinn milliþinganefnd er hefði það verkefni að kanna til hlítar verksvið KKÍ með tilliti til hagræðingar á starfssviði stjórnar, nefnda og framkvæmdastjóra. Nefndin skili álti sínu til stjórnar KKÍ, eða til næsta þings. Formaður KKÍ verði formaður nefndarinnar.

Var þetta samþykkt.

Þá var tekið fyrir og lesið bréf frá Umf. Skallagrími.
Var samþykkt að vísa því í heilu lagi til stjórnar KKÍ.

Fjárhagsnefnd:

Tillögur hennar lágu fyrir ljósritaðar. Þórdís Anna tók fram að framlag til unginganefndar og landsliðsnefndar væri háð sjónvarpstejkum.

Tillaga fjárhagsnefndar:

Pátttökugjöld:

Úrvalsdeild	kr. 150.000.-
1. deild karla og kvenna	" 100.000.-
2. deild	" 60.000.-
Aðrir flokkar	" 45.000.-
Bikarkeppni	" 45.000.-

Hækki með vísitölu vöru og þjónustu.

Dómaralaun:

Úrvalsdeild, 1. deild karla og 1. deild kvenna kr. 8.000.-
2. deild " 6.000.-

Skiptist þannig:

75% til dómara

25% til dómaranefndar.

Sömu vísitöluákvæði.

Fyrri hluti tillögunnar þ.e. er varðar þáttökugjöld, var samþykkt samhljóða, en breytingartillaga kom við seinni hlutann og hljóðar hún svo:

Dómaralaun

Úrvalsdeild, 1. deild karla	1. deild kvenna	kr. 9.000.-
2. deild	"	7.000.-

Skiptist þannig:

10% í sameiginlegan ferðasjóð.

20% til dómaranefndar.

10% til dómara.

Óbreytt vísitöluákvæði.

Var þessi tillaga samþykkt.

Tillaga kom frá Helga Hólm, um að bæ a inn í tekjuliði á áætluðum rekstrarreikningi KKÍ 1980-81, ýmsum tekjum 1.000.000.- og hækka sem því nemur framlag til landsliðsnefndar. Var það samþykkt og síðan rekstraráætlun.

Samþykkt var % breytingar milli tekju og gjaldaliða þ.e. ef ekki fást þær tekjur sem reiknað er með, lækki gjöldin sem því nemur.

Tillaga frá Stefáni Ingólfssyni.

"Stjórn KKÍ verði falið að boða til framhaldspings fyrir upphaf næsta keppnistímabils.

Efni þingsins verði hvaða ráðstafana sé hægt að gripa til, til að koma í veg fyrir ofnotkun ákveðinna leikkerfa og leikaðferða er leiði til leiðinlegra leikja og fækkun áhorfenda.

Ennfremur verið fjallað um fjármál sambandsins og félaga.

Einnig breytingatillögur nefndar er athugar leikreglur yngri flokka". Samþykkt.

Tillaga frá Sigurði V. Halldórssyni.

"Ársþing KKÍ felur milliþinganeftendum þeim sem eru kjörnar á þessu þingi skili tillögum eða skýrslum fyrir framhalds-ársþing". Var hún samþykkt.

Nefndakjör:

Nefnd til að endurskoða starfsemi KKI.

Stefán Ingólfsson, Steinn Sveinsson,
Gunnar Gunnarsson.

Samþykkt.

Yngri flokka nefnd.

Formaður Ingvar Jónsson, Sigurður Helgason,
Ingi Gunnarsson.

Samþykkt.

Nefnd til að fara í gegnum lög og reglugerðir KKI.

Kristbjörn Albertsson, Kolbeinn Pálsson
og Þorsteinn Hallgrímsson.

Samþykkt.

10. Önnur mál.

Halldór Einarsson benti á að hið mikla starfs landsliðsnefndar gæti haft slæm áhrif á keppni innanlands, og það mætti ekki ske.

Steinn Sveinsson kvað landsliðsnefndina gæta þess í hvívetna að falla ekki þá gryfju sem Halldór benti á.

Hilmar Hafsteinsson

taldi að mjög skammur tími væri til að keyra Íslandsmótið í gegn miðað við landsliðsprógrammið.

Stefán Ingólfsson sagði að stjórn KKI hefði alltaf síðasta orðið um að setja landsleiki á.

Einar Bollason lofaði samstarfi við félögin sem eiga menn í landsliði. Einnig lýsti Einar yfir áhuga sínum á að koma upp landsliði 21. árs og yngri.

Grímur Sæmundsson benti á ágalla á framkvæmd verðlauna-afhendinga í lok keppnistímabils og óskaði eftir bragabót þar á.

Stefán Ingólfsson sagði að það þyrfti sérstaka samþykkt félaganna til þess að hægt væri að skipta um verðlaunabikara áður en þeir eru unnir til eignar.

11. Kosnir 3 menn í körfuknattleiksdómstól og 3 til vara.

Dómstóll:

Sigurður Þórarinsson	1 ár
Ingi Gunnarsson	2 ár
Gísli Gíslason	3 ár

Til vara:

Helgi Ágústsson	1 ár
Jón Jörundsson	2 ár
Sigurður Jónsson	3 ár

Samþykkt.

12. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðanda og fulltrúa
á fþróttapring:

Samþykkt að vísa kosningu fulltrúa á fþróttapring til stjórnar.

Tillögur:

Stjórn:

Formaður: Stefán Ingólfsson

Aðrir í stjórn:

Kolbrún Jónsdóttir
Kristbjörn Albertsson
Kristinn Guðnason
Guðni Kolbeinsson

Varastjórn

Þórlíð Kristjánsdóttir
Sigurður Valgeirsson

Endurskoðendur:

Hólmsteinn Sigurðsson
Gunnar Gunnarsson

Aganeft:

Hrafn G. Johnsen	1 ár
Guðmundur Árnason	2 ár
Jón Eysteinsson	3 ár

Varamaður:

Einar Matthiasson	1 ár.
-------------------	-------

Samþykkt

13. Þingritara var boðið að hreinrita fundargerð og þáði hann það.

Stefán þakkaði traustið.

14. Kristbjörn sleit þinginu.

